



Reykjavík, 20. ágúst 2021

## Leiðbeiningar fyrir skóla- og frístundastarf á höfuðborgarsvæðinu í upphafi skólaárs vegna farsóttar

Samkvæmt gildandi reglugerð þurfa stjórnendur að skipuleggja starf án takmarkana en þó þannig að ýtrustu sóttvarna og varkárni sé gætt. Stjórnendum er heimilt að gæta sóttvarna umfram það sem reglugerð kveður á um, að því marki að þær ráðstafanir takmarki starfið eins lítið og kostur er.

Markmiðið með þessum aðgerðum í upphafi skólaárs er að halda starfseminni órofinni og minnka líkur á því að stórir hópar barna og starfsfólks þurfi að fara í sóttkví eða jafnvel einangrun. Lagt er til að þessar leiðbeiningar gildi til **1. október**. Á þeim tímapunkti hafa 12-15 ára börn verið bólusett og starfsfólk fengið örvunarskammt. Mikil óvissa er í þjóðfélaginu þessa dagana og mikið um smit sem þarf að bregðast hratt við.

Stjórnendur allra skólastiga og frístundastarfs hafa í farteskinu gríðarlega þekkingu á skipulagi leik-, grunnskóla, - og frístundastarfs á farsóttartímum og eru þeir best til þess fallnir að útfæra starfið í samræmi við aðstæður. Aðstæður á milli sveitarfélaga eru mismunandi en stjórnendur eru hvattir til að ganga eins langt og kostur er, en með það að leiðarljósi að starfsemin skerðist sem minnst.

Sóttvarnir, hólfanir, nálægðartakmörk, fjöldatakmarkanir og grímunotkun eru úrræði sem nýttust vel á síðasta ári og mánuðum. Leggja þarf sérstaka áherslu á að hver og einn hugi að sínum persónubundnu sóttvörnum, jafnt starfsfólk, börn og foreldrar. Mikilvægt er að hafa gott aðgengi að handspritti við alla innganga, í sameiginlegum rýmum, á salernum og þar sem matast er. Ábyrgð stjórnenda snýr að því að skapa viðunandi aðstæður til að gæta nálægðartakmarkana og annarra sóttvarna og brýna það vel fyrir öllum, einnig börnum í skóla- og frístundastarfi.



## Leikskólar:

1. Leikskólum er heimilt, samkvæmt nánari ákvörðun sveitarfélaga, að halda uppi leikskólastarfi í skólabyggingum með 1 metra nálægðartakmörkun milli starfsfólks.
2. Mælst er til að leikskólastarf sé hólfaskipt eins og kostur er í samræmi við aðstæður og stjórnendur nýti fyrri reynslu í útfærslu á skipulagi starfsins. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir röskun á starfsemi komi upp smit og hefta mögulega útbreiðslu innan leikskólans. Starfsfólk er hvatt til að fara sem minnst milli rýma/hólfa. Það er þó heimilt ef aðstæður krefjast og í þeim tilvikum skal gæta vel að persónubundnum sóttvörnum.
3. Sé ekki unnt að tryggja 1 metra nálægðartakmörkun milli starfsfólks verður að nota andlitsgrímur. Starfsfólki ber ekki skylda til að nota andlitsgrímur í samskiptum við leikskólabörn.
4. Sömu reglur gilda um starfsfólk skólaþjónustu og starfsfólk leikskóla.
5. Fjölda- og nálægðartakmarkanir gilda ekki um börn á leikskólaaldri.
6. Foreldrar og aðstandendur mega koma inn í leikskólabyggingar en skulu gæta að persónubundnum sóttvörnum og bera andlitsgrímur. Stjórnendum er heimilt að takmarka enn frekar komu gesta í leikskólann.
7. Fundir með foreldrum sæta þeim takmörkunum að fjöldi miðist við að foreldrar geti gætt 1 metra nálægðartakmörkun, grímuskylda viðhöfð og gætt sérstaklega vel að persónubundnum sóttvörnum. Aðeins eitt foreldri mæti með hverju barni. Ekki verði boðið upp á veitingar á fundum fyrir foreldra og salernisaðstaða takmörkuð. Gætt verði að sýnileika handspritts í leikskólanum. Lagt til að halda frekar fjarfundi eða streyma fundum. Stjórnendum er heimilt að takmarka aðgengi foreldra og eða gesta enn frekar meti þeir aðstæður með þeim hætti.
8. Ef leikskólastjóri ákveður að halda viðburð tengd starfi eða félagslífi leikskóla, svo sem leiksýningar og tónleikar ber að viðhafa ofangreindar takmarkanir.
9. Aðrir sem koma inn í leikskóla, svo sem vegna vöruflutninga, skulu gæta 1 metra nálægðartakmörkunar, bera andlitsgrímur og gæta að persónubundnum sóttvörnum.
10. Gæta þarf ýtrustu sóttvarna á starfsmannafundum og að 1 metra nálægðartakmörk séu alltaf virt.
11. Ráðstafanir skulu gerðar til að þrifa og sótthreinsa byggingar eftir hvern dag og milli hópa í sama rými.
12. Aðlögun barna í leikskóla fer fram með þeim hætti að annað foreldri/forráðamaður mætir með barni og helst alltaf sami aðili, grímuskylda er viðhöfð og gæta þarf að 1 metra nálægðartakmörkum foreldra og starfsfólks. Mælst verður til þess að foreldrar lágmarki viðveru í sameiginlegum rýmum og að bólusett foreldri sinni aðlögun.



## Grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar:

1. Í grunnskóla og frístundastarfi er heimilt, samkvæmt nánari ákvörðun sveitarfélaga, að halda uppi starfi, þ.m.t. íþróttastarfi, í skólabyggingum með 1 metra nálægðartakmörkun milli starfsfólks.
2. Mælst er til að grunnskóla- og frístundastarf sé hólfaskipt eins og kostur er í samræmi við aðstæður og stjórnendur nýti fyrri reynslu í útfærslu á skipulagi starfsins. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir röskun á starfsemi komi upp smit og hefta mögulega útbreiðslu innan skólans. Starfsfólk er hvatt til að fara sem minnst milli rýma/hólfa. Það er þó heimilt ef aðstæður krefjast og í þeim tilvikum skal gæta vel að persónubundnum sóttvörnum.
3. Sé ekki unnt að tryggja 1 metra nálægðartakmörkun milli starfsfólks verður að nota andlitsgrímur. Starfsfólki ber ekki skylda til að nota andlitsgrímur í samskiptum við grunnskólabörn.
4. Sömu reglur gilda um starfsfólk skólaláþjónustu og starfsfólk grunnskóla og frístundastarfs.
5. Nemendur eru undanþegnir 1 metra nálægðartakmörkun og grímuskyldu, en eru hvattir til fyllstu varkárni og huga að persónubundnum sóttvörnum.
6. Foreldrar og aðstandendur mega koma inn í skólabyggingar en skulu gæta að persónubundnum sóttvörnum og bera andlitsgrímur. Stjórnendum er heimilt að takmarka enn frekar komu gesta.
7. Skólasetningar / fundir með foreldrum sæta þeim takmörkunum að fjöldi miðist við að foreldrar geti gætt 1 metra nálægðartakmörkun, grímuskylda viðhöfð og gætt sérstaklega vel að persónubundnum sóttvörnum. Aðeins eitt foreldri mæti með hverju barni. Ekki verði boðið upp á veitingar á fundum fyrir foreldra og salernisaðstaða takmörkuð. Gætt verði að sýnileika handspritts í grunnskólanum. Lagt til að halda frekar fjarfundi eða streyma fundum. Stjórnendum er heimilt að takmarka aðgengi foreldra og eða gesta enn frekar meti þeir aðstæður með þeim hætti.
8. Á viðburðum tengda starfi eða félagslífi grunnskóla, svo sem fyrirlestrum, upplestrarkeppnum o.fl., ber að viðhafa ofangreindar takmarkanir.
9. Aðrir sem koma inn í grunnskóla, svo sem vegna vöruflutninga, skulu gæta 1 metra nálægðartakmörkun, bera andlitsgrímur og gæta að persónubundnum sóttvörnum.
10. Mælst er til að ekki séu fleiri en 100 nemendur í hverju rými/hólfi. Í sameiginlegum rýmum skóla, svo sem við innganga, í anddyri, á salerni og göngum, sem og í mötuneytum og skólaakstri, er heimilt að víkja frá fjöldatakmörkun að því gefnu að starfsfólk noti andlitsgrímu og fylgi almennum ráðleggingum varðandi persónubundnar sóttvarnir.
11. Gæta þarf ýtrustu sóttvarna á starfsmannafundum og að 1 metra nálægðartakmörk séu alltaf virt.
12. Ráðstafanir skulu gerðar til að þrifa og sótthreinsa byggingar eftir hvern dag og milli hópa í sama rými.
13. Útlán eða afnot af skólabyggingum til utanaðkomandi hópa skal takmörkuð eins og kostur er.



## Tónlistarskólar og skólahljómsveitir:

1. Tónlistarskólum og skólahljómsveitum er heimilt, samkvæmt nánari ákvörðun sveitarfélaga, að halda uppi starfsemi með 1 metra nálægðartakmörkun milli starfsfólks.
2. Mælst er til að starfsemi tónlistarskóla og skólahljómsveita sé hólfaskipt eins og kostur er í samræmi við aðstæður og stjórnendur nýti fyrri reynslu í útfærslu á skipulagi starfsins. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir röskun á starfsemi komi upp smit og hefta mögulega útbreiðslu innan skólans. Starfsfólk er hvatt til að fara sem minnst milli rýma/hólfa. Það er þó heimilt ef aðstæður krefjast og í þeim tilvikum skal gæta vel að persónubundnum sóttvörnum.
3. Þegar starfsfólk og nemendur fæddir árið 2005 og fyrr ná ekki að virða 1 metra nálægðartakmörk verður að nota andlitsgrímu.
4. Nemendur á grunnskólaaldri eru undanþegnir 1 metra nálægðartakmörkun og grímuskyldu í starfi tónlistarskóla og skólahljómsveita, en eru hvattir til fyllstu varkárni og huga að persónubundnum sóttvörnum.
5. Foreldrar og aðstandendur mega koma inn í tónlistarskóla en skulu gæta að persónubundnum sóttvörnum og bera andlitsgrímur. Stjórnendum er heimilt að takmarka enn frekar komu gesta í tónlistarskóla.
6. Mælst er til að ekki séu fleiri en 100 nemendur í hverju rými/hólfi.
7. Mælst er til að viðburðum á vegum tónlistarskóla verði streymt. Ef það er ekki mögulegt og nauðsynlegt að halda viðburð skal fjöldi miðast við að gestir geti virt 1 metra nálægðartakmörkun, grímuskylda viðhöfð og gætt sérstaklega að persónubundnum sóttvörnum. Allir gestir skulu skráðir í númeruð sæti með nafni, kennitölu og símanúmeri, varðveita skal skrána í tvær vikur og eyða henni að þeim tíma liðnum.
8. Aðrir sem koma inn í bygginguna, svo sem vegna vöruflutninga, skulu gæta 1 metra nálægðartakmörkun, bera andlitsgrímur og gæta að persónubundnum sóttvörnum.
9. Gæta þarf ýtrustu sóttvarna á starfsmannafundum og að 1 metra nálægðartakmörk séu alltaf virt.
10. Ráðstafanir skulu gerðar til að þrifa og sótthreinsa byggingar eftir hvern dag og milli hópa í sama rými.
11. Útlán eða afnot af skólabyggingum til utanaðkomandi hópa skal takmörkuð eins og kostur er .

## Reglugerðir, reglur og minnisblöð:

16. ágúst: [Reglugerð 916/2021 um \(5\) breytingu á reglugerð nr. 747/2021 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19](#)
13. ágúst: [Leiðbeiningar um sóttvarnir í skólastarfi haustið 2021.](#)
11. ágúst: [Reglugerð 915/2021 um \(2.\) breytingu á reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar nr. 878/2021.](#)
9. ágúst: [Minnisblað sóttvarnalæknis.](#)
6. ágúst: [Bólusettir farþegar með tengsl við Ísland fari í sýnatöku](#)
4. ágúst: [Reglugerð 907/2021 um \(4.\) breytingu á reglugerð nr. 747/2021 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19.](#)
28. júlí: [Reglugerð 892/2021 um \(3.\) breytingu á reglugerð nr. 747/2021 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19.](#)
23. júlí: [Reglugerð 878/2021 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.](#)